

Marmaraurriðinn og Þingvallavatn

Eftir Össur Skarphéðinsson, Þorsteinn Stefánsson og Elías Pétur Þórarinnsson

Það var magnað fyrir okkur þremmingana að vera fulltrúar Íslands á ráðstefnu um vernd urriðastofna í áhættuflokkki, sem haldin var í Tolmin í Slóveníu á vegum Continental Trout Conservation Fund í ágúst sl. Í Tolmin er hið þekktu vatnakerfi árinna Soca, sem er síðasta athvarf hins fræga marmaraurriða. Hann býr yfir sérstökum litbrigðum sem minna á marmara, og stöku fiskar geta orðið mjög stórir eins og Þingvallaurriðinn. Þeir eru þó sjaldgæfir í afta.

Verndun marmaraurriðans

Marmaraurriðinn hefur átt í miklum erfðileikum. Í dag er hann einungis að finna í átta afskekktum kvíslum Soca-árinna, sem allar liggja einangraðar ofan ókleifra fossa. Stofnarnir eru mjög litlir. Sá minnsti telur 60 urriða, en sá stærsti býr þó að töluvert stærri hrygningarstofni en sá sem hrygnir í Óxará, eða um 2.000 fiskum.

Í Tolmin hafa stangveiðifélög, yfirvöld og háskólar tekið höndum saman um áætlun um að gera hinn upprunalega marmaraurriða aftur að meginfiski í vatnakerfi Soca-árinna. Við sáum sjálfir á hversu góðri leið áætlunin er.

Ísaldarurriðinn okkar

Í Þingvallaurriðanum eiga Íslendingar líka einstakan urriðastofn sem hvergi er að finna á heimsvísu. Hann hefur lifað einangraður í níu þúsund ár og varðveitt sérstaka eiginleika. Hann verður eldri, kynþroskast síðar og að jafnaði mun stærri en nokkur annar urriðastofn í heiminum. Hann er því ómetanlegur, engu síður en marmaraurriðinn. Við þurfum samstillt átak veiðimanna og yfirvalda til að tryggja honum öruggt framhaldslíf líkt og tókst með marmaraurriðanum í Soca.



Össur Skarphéðinsson



Þorsteinn Stefánsson



Elías Pétur Þórarinnsson

» Í Þingvallaurriðanum eiga Íslendingar einstakan urriðastofn sem hvergi er að finna á heimsvísu. Hann hefur lifað einangraður í níu þúsund ár og varðveitt sérstaka eiginleika.

Ísaldarurriðinn hefur um áratugi átt undir högg að sækja. Mikilvægasti stofninn í Efra-Sogi var gjörreyddur í einu veffangi með virkjun árinna 1959. Í kjölfarið var Þingvallavatn notað sem miðlunarlón. Miklar sveiflur í yfirborði vatnsins skemmdu hrygningarstöðvar örstofna sem við þekkjum af eigin raun að hrygna við uppsprettur á strandlengju vatnsins.

Bættum hrygningarstöðvar

Í 40 ár á eftir lagðist urriðaveiðin næstum af í Þingvallavatni. Einn okkar lagði til í bókinni Urriðadansi að stíflan í Efra-Sogi væri fjarlægð. Ýmsar aðgerðir sem grip-íð hefur verið til frá því baráttan fyrir endurreisn urriðans hófst upp úr 1990 hafa þó haft jákvæð áhrif. Meistu munaði að dregið var úr yfirborðssveiflum og á örlogastundu í sögu stofnsins var sleppt seiðum undan stórrurriðanum í Óxará. Nú er stórrurriðinn á uppleið. Í meira en hálfu öld hefur aldrei veiðst jafnmikill urriði í vatninu og síðustu tvö árin. Þennan viðunáning þarf að nota til að tryggja áframhaldandi endurreisn stofnsins.

Landsvirkjun þarf að fylgja eftir ályktun Alþingis frá síðasta vori um að gera fiskveg, sem tryggir að urriði geti aftur gengið úr Þingvallavatni niður í Efra-Sog til að hrygna. Í dag kemst hann niður í gegnum botnlökur stíflunnar, en ekki upp í vatnið aftur. Það er ekki boðlegt.

Landsvirkjun þarf líka að gera áætlun um að bæta hrygningarstöðvar með því að bera í þær rið-

möl fyrir ofan útfall virkjunarinnar og líka í efri hluta Efra-Sogs, sem var mikilvægt hrygningarsvæði áður en virkjað var 1959. Þannig er hægt að endurheimta að einhverju leyti gamla stofninn í Efra-Sogi sem forðum var langstærsti urriðastofninn í vatninu. Gripa má til fleiri aðgerða til að styrkja stofninn annars staðar í vatnakerfinu.

Sleppum stórrurriðanum

Stangveiðimenn geta líka stuðlað að því að stækka stofninn með því að sleppa öllum urriða sem þeir veiða. Það er ábyrg veiðimennska gagnvart einstökum stofni sem hvílir á ótryggum grunni. Stofninn er ennþá mjög viðkvæmur þrátt fyrir vöxt síðustu ára. Það er auðvelt að taka hann niður með ofstopaveiði. Það má ekki gera. Stærstu urriðarnir eru sérstaklega dýrmætir fyrir stofninn.

Þeir framleiða langflest hrogn. Þau eru stærri og seidið sem úr þeim klekjast þess vegna líka stærri og lífvænlegri en hinna. Rannsóknir á Óxaráurriðanum hafa líka sýnt að stærstu urriðarnir hrygna síðast, og alveg fram í janúar. Það er afar mikilvægt. Svo seint eru nefnilega miklu minni líkur á hamfarafloðum í Óxará, sem geta spíllt haustklakinu. En í dag er Óxaráin mikilvægasta hrygningarsvæðið. Stærstu urriðarnir eru þess vegna sérstök líftrygging fyrir viðhaldi stofnsins. Ábyrgir veiðimenn eiga því undir öllum kringumstæðum að sleppa þeim aftur.

Í Soca-ánni í Slóveníu sáum við af eigin raun hvernig veiðimenn stuðla að því að byggja upp marmaraurriðann með samstilltu átaki um að sleppa veiddum fiski. Veiðimenn eiga að stuðla að því sama í Þingvallavatni. Stórrurriðinn gefur okkur sem veiðimönnum einstaka og ógleymanlega lífsreynslu. Við þurfum ekki að drepa hann. Gefum honum líf og hjálpum stofninum þannig að blómgastr.

Össur er alþingismaður. Þorsteinn og Elías Pétur eru menntaskólanemar við MH. Þeir eru allir áhugamenn um stórrurriðann í Þingvallavatni.

BÍLAR



Aukablað um bíla fylgir Morgunblaðinu alla þriðjudaga